



Stefna Sjúkratrygginga


Maí 2024




Okkar sýn

Tryggt heilbrigði

Okkar hlutverk



Okkar hlutverk



Okkar gildi

Þjónusta

Hjarta Sjúkratrygginga felst í þjónustunni sem við bjóðum og léttir fólki lífið. Þjónusta okkar knýr gangverk heilbrigðiskerfisins.

Við sinnum ekki einungis skyldum okkar, heldur leitumst við að skilja aðstæður þeirra sem við mætum, af alúð og skilningi á þörfum ólíkra hópa.

Virðing

Öll samskipti okkar hverfast um virðingu fyrir því samfélagi sem við erum hluti af og þeim sáttmála og fyrirkomulagi sem við höfum sammælt um.

Við berum virðingu fyrir öllum og réttindum þeirra, óháð samfélagslegri stöðu þeirra, því við erum fyrir allt fólk.

Við gerum okkur grein fyrir þeim áhrifum sem við höfum á líf fólks, gjarnan á þeirra viðkvæmstu stundum.

Framsækni

Við gerum það sem við segjumst ætla að gera. Við sýnum ábyrgð gagnvart því göfuga hlutverki sem okkur er falið; að tryggja Íslendingum aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Því veigamikla hlutverki verður að fylgja reglufesta og hagsýni, ásamt óseðjandi áhuga á umbótum og nýjum leiðum til að tryggja örugga heilbrigðisþjónustu – og nota nýjustu tól og tæki til umbóta og framþróunar.


Okkar loforð


Frá öllum til allra

Sjúkratryggingar Íslands eiga sér langa sögu þar sem fjölbreyttir hópar, félög og einstaklingar hafa komið saman. Sá árangur að allir séu sjúkratryggðir er ekki sjálfgefinn.

Sjúkratryggingar eru frá öllum til allra.

Stefna og aðgerðir





1. Markvissir samningar

Samningsgerð byggir á gagnreyndri meðferð og tryggir landsmönnum aðgengi að bestu fánlegu heilbrigðisþjónustu

- Nýtt verði besta fánleg þekking við samningsgerð og við þróun heilbrigðisþjónustunnar, þ.m.t. niðurstöður faglegs og hagræns mats á heilbrigðistækni.
- Samningar byggir sem mest á nánu samstarfi og samvinnu við veitendur heilbrigðisþjónustu.
- Stuðlað verði að því að allir hafi tímanlegt aðgengi að þjónustu í samræmi við þarfir og innan eðlilegra tímamarka.

Sjúkratryggingar annist alla samningsgerð um kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, bæði vegna þjónustu opinberra aðila og einkaaðila

- Samningar við einkaaðila byggir fyrst og fremst á langtímasamningum að undangengnu opnu valferli.
- Unnið verði með markvissum hætti að samningsgerð við stofnanir ríkisins.
- Samningum verði beint að færri og stærri aðilum með áherslu á heildarsýn og teymisvinnu.

Kaup á heilbrigðisþjónustu miði að því að tryggja jafnræði og aðgengi í samræmi við þarfir íbúa í landinu

- Ráðist verði með skipulegum hætti í þarfagreiningu sem m.a. tekur mið af aldurssamsetningu, kyni, búsetu, þróun sjúkdóma og tæknibreytingum.
- Stuðlað verði að nýsköpun þar sem þjónustuveitandi leggur fram lausnirnar.
- Markvisst verði unnið að því að draga úr bið eftir þjónustu á grundvelli gagna og forgangsröðunar.

2. Fjölbreytt greiðslukerfi

Nýtt verði fjölbreytt og blönduð greiðslukerfi sem hæfa ólíkum tegundum þjónustu

- Vægi þjónustu- og árangurstengdrar fjármögnunar verði aukið.
- Fjárhagslegum hvötum verði beitt með markvissum hætti til að hafa áhrif á gæði og samsetningu þjónustu.
- Nýtt verði greiðslukerfi sem deila fjárhagslegri áhættu milli greiðanda og veitanda.

Öll greiðslukerfi (s.s. DRG og heilsugæslulíkan) verði starfrækt hjá stofnuninni og samþætt samningsgerðinni

- Öll gögn tengd greiðslum og veittri þjónustu berist rafrænt og milliliðalaust til stofnunarinnar.
- Sjúkratryggingar greiði veitendum beint fyrir alla veitta þjónustu.
- Veitendum verði tryggður aðgangur að rauntímagögnum um veitta þjónustu og árangur.

Kostnaðargreining verði eflað í samstarfi við veitendur þjónustu

- Fjármagnsskipan og reikningshald tryggi fjárhagslegt gagnsæi í starfsemi þjónustuveitenda.
- Unnið verði skipulega að kostnaðargreiningu á grunni bestu aðferða.
- Tryggt verði að þjónusta verði veitt með sem hagkvæmustum hætti innan ramma skipulags heilbrigðisþjónustunnar.

3. Sjálfbær þróun kostnaðar

Stofnunin vinni að því að tryggja sjálfbæra kostnaðarþróun

- Stýritæki til að hafa áhrif á kostnaðarþróun verði eflað.
- Stýring og flæði stuðli að réttri notkun heilbrigðisþjónustu.
- Áhersla verði á nýsköpun og nýtingu heilbrigðistækni þar sem bjargir almennings eru virkjaðar.

Upplýsingum verði miðlað með markvissum hætti

- Áfram verði unnið að þróun og eflingu vöruhúss gagna.
- Gögnum verði miðlað með markvissum hætti til almennings, notenda og veitenda.
- Lögð verði áhersla á greiningu til að auka gagnsæi og stuðla að markvissri stefnumótun.

Þróaðar verði aðferðir sem styðji við forgangsröðun stjórnvalda

- Langtímaáætlanir verði eflaðar.
- Lögð verði áhersla á að mat á þörf fyrir þjónustu byggji á traustum gögnum, s.s. um þróun og tíðni sjúkdóma.
- Nýttar verði viðurkenndar aðferðir til að meta samfélagslegan ávinning af þjónustu og nýrri tækni.

4. Traust samskipti

Stuðlað verði að trausti með áherslu á persónuvernd, upplýsingaöryggi og gagnsæi

- Beitt verði bestu aðferðum til að tryggja vernd viðkvæmra gagna á grunni laga um persónuvernd.
- Nýtt verði skipulögð vinnubrögð og besta tækni til að tryggja upplýsingaöryggi þannig að gögn, upplýsingakerfi og samskiptaleiðir séu örugg.
- Starfsemi miði að því að hámarka gagnsæi um starfsemi innan þeirra takmarkana sem persónuvernd og upplýsingaöryggi setja.

Gögn verði nýtt til að efla yfirsýn yfir kostnað í heilbrigðisþjónustu.

- Notendur hafi greiðan aðgang á vefnum sjukra.is að almennum upplýsingum, leiðbeiningum, lögum og reglum um sjúkratryggingar.
- Áhersla verði lögð á frumkvæði í birtingu upplýsinga, gagna og greininga, t.d. um notkun og kostnað við heilbrigðisþjónustu.
- Nýtt verði bestu tæki til framsetningar, t.d. mælaborð sem uppfærast reglulega, og ársyfirlit fyrir notendur og veitendur gerð aðgengileg fyrir þá.

Veitt verði framúrskarandi þjónusta sem byggir á stafrænum lausnum og sjálfsafgreiðslu

- Þjónustan verði einstaklingsmiðuð og byggir á vel skilgreindum réttindum.
- Erindi byggir á sjálfsafgreiðslu, beinu aðgengi að öllum upplýsingum, þ.m.t. um stöðu máls. Svörun verði samræmd og úrlausnartími eins skammur og kostur er.
- Hugað verði vel að jafnræði og aðgengi allra hópa að þjónustunni, óháð þáttum eins og færni og tungumálakunnáttu.

5. Skilvirkir stafrænir ferlar

Stafræn þjónusta og sjálfsafgreiðsla verði meginform í veitingu þjónustu til almennings

- Veitt verði aukin tækifæri til sjálfsafgreiðslu, t.d. með stafrænum umsóknum með gagnaskráningu umsækjenda.
- Nýtt verði besta fánlega tækni til að miðla upplýsingum til notenda, s.s. þjónustusíða, spjallmenni, og fræðslumyndbönd.
- Afgreiðsla verði einfölduð og afgreiðslutími erinda stytur með stafrænum lausnum, s.s. með þjónustukerfi.

Ferlar verði einfaldaðir og samræmdir í þeim mæli sem unnt er

- Umsóknir sem falla innan skilgreindra viðmiða verði afgreiddar sjálfvirk.
- Sjálfvirkni verði nýtt til að stuðla að markvissu eftirliti með greiðslum og þjónustu.
- Hagkvæmni ferla verði aukin og ávinningurinn nýttur til að efla sérhæfða hæfni stofnunarinnar.

Öll samskipti verði stafræn og pappír verði útrýmt

- Aðeins verði tekið við reikningum á stafrænu formi.
- Greiðslur verði í rauntíma, þannig að greiðslustaða einstaklinga verði alltaf rétt.
- Samskiptum á pappír verði hætt nema gagnvart notendum sem þess þurfa og óska.

6. Hæfni og metnaður

Hjá Sjúkratryggingum starfi hæft, metnaðarfullt og áhugasamt starfsfólk sem hefur mikla og breiða þekkingu

- Menning Sjúkratrygginga einkennist af metnaði, frumkvæði og lifandi og jákvæðum samskiptum.
- Starfsfólki verði búið gott og samkeppnisfært starfsumhverfi með tilliti til jafnréttis, aðstöðu og launa.
- Unnið verði að stöðugum umbótum þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að þróa hæfni sína og þekkingu.

Stofnunin verði miðstöð þekkingar um kaup og greiðslur á sviði heilbrigðisþjónustu

- Starfsfólk búi yfir framúrskarandi hæfni og stofnunin meti verðleika þess og frammistöðu.
- Stofnunin ráði yfir bestu fánlegri þekkingu á aðferðum sem nýttar eru til greiðslu í heilbrigðisþjónustu.
- Byggt verði upp hæfni á sviði gagnreyndrar meðferðar og samfélagslegs ábata af heilbrigðisþjónustu.

Upplýsingakerfi verði endurmótuð til framtíðar

- Upplýsingakerfin séu sífellt í þróun til að nýta nýjustu tækni og lausnir í starfsemi.
- Byggt verði upp samskiptalag milli kerfa sem byggja á stöðluðum gagnasamskiptum.
- Reglulegar uppfærslur tryggi að öryggismál séu ávallt í fyrirrúmi.